

## AUGLÝSING

### um vörugjald af nokkrum vörum vegna breytinga á viðauka I við tollalög og til samræmingar á skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara.

Með vísan til 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum, og auglýsingar nr. 96/1988, um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, tilkynnist hér með að auk vara sem greinir í lögum nr. 95/1988, um breyting á lögum um vörugjald, skal greiða vörugjald samkvæmt A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, með síðari breytingum, af vörum sem flokkast í eftirgreind tollskrárnúmer:

1806.9003	4016.4918	8521.9021	8527.2109
2106.9041	4823.9005	8521.9029	8527.3101
3003.9001	7019.9003	8527.1101	8527.3102
3816.0000	7322.1902	8527.1102	8527.3109
3823.4000	8004.0000	8527.1109	8528.1002
3823.5000	8519.9902	8527.2101	8537.1009
3921.1902	8521.1021	8527.2102	9007.1100
3925.9009	8521.1029		

Pá skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum B-liðar 3. gr. laga nr. 97/1987 af tollskrárnúmerunum 1806.9003, 2106.9041 og 3003.9001.

Eftirtalin tollskrárnúmer hafa verið felld brott úr tollskrá:

3925.9000	8521.1009	8527.2100	8537.1000
8004.0001	8521.9009	8527.3100	9007.1000
8004.0009	8527.1100		

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 565/1988 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1988.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Lárus Ögmundsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ingimundar Guðmundssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. desember 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingimundar Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingimundar Guðmundssonar. Hann er stofnaður af Knattspyrnufélaginu Víði í Garði til minningar um Ingimund Guðmundsson, Garðabraut 43, Garði, er fæddur var 9. nóvember 1957 og lést af slysförum 3. nóvember 1984.